

Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ

Reykjavík, 10. febrúar 2023.

Efni: Álit fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ vegna þingsályktunartillögu um þáttökugjöld (Þingskjal 11).

Fjárhagsnefnd hefur tekið til umfjöllunar tillögu á þingskjali nr. 11 sem lögð verður fyrir ársþing 2023.

Það er álit nefndarinnar að hafna eigi þessari tillögu með eftirfarandi rökum:

- Þessi breyting felur í sér að rekstraráætlun sem lögð er fyrir ársþing og er samþykkt í upphafi þess verður marklaus ef hægt verður að breyta einstökum liðum á þingi eftir að áætlun hefur verið samþykkt.
- Rekstraráætlun, þ.m.t. þáttökugjöld, þarf að skoða í heild sinni og þess vegna er óraunhæft að taka út einn rekstrarlið sem tekur mið af öðrum, eins og í þessu tilfelli.
- Stjórn og framkvæmdastjórn sambandsins skal treyst fyrir rekstri sambandsins í heild sinni, þ.m.t. þáttökugjöldum.

Fjárhagsnefnd hefur tekið til umfjöllunar síðari hluta tillögu á þingskjali nr. 11 sem lögð verður fyrir ársþing 2023. Það er álit nefndarinnar að gera ekki athugasemd við þessa breytingu ef það er vilji félaganna að greiða sín gjöld fyrr á almanaksárinu en verið hefur.

F.h. fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ

Borghildur Sigurðardóttir, formaður